

131

4. júlí

3. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins lætur, á kostnað lántakanda, framkvæma virðingu á fasteignum þeim, er veðsetja á fyrir lánum úr sjóðnum. Nú er hið væntanlega veð húseign, sem eigi er eldri en tveggja ára, og má þá miða hámark láns við kostnaðarverð hússins, samkvæmt 2. gr., án virðingar.

4. gr.

Lántakandi greiðir árlega jafnháa vexti af skuld sinni, sem greiddir eru á hverjum tíma af lánum úr veðdeild bankans, að viðbættum  $\frac{1}{2}\%$  af skuldinni. Lánin endurgreiðast með jöfnum fjárgreiðslum vaxta og afborgana ár hvert.

5. gr.

Á lánum, sem veitt eru gegn veði í húsum yngri en tveggja ára, er hámark lánstímans 35 ár. Ella skal lánstíminn vera skemmri og ákveðinn hverju sinni af stjórn lífeyrissjóðsins með hliðsjón af aldri hins veðsetta húss.

6. gr.

Lánnum er lífeyrissjóður veitir, má stjórn hans eigi segja upp meðan lántakandi fullnægir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefur undirgengið. En ef ákvæðisgjöld hans eru eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur fulltryggjandi eftir því, sem ákveðið er, eða haldi lántakandi ekki váttryggðum húseignum er að veði eru, eða verði veðsett eign eign annars en lántakanda eða maka hans, má stjórn lífeyrissjóðsins segja láninu upp með tveggja mánaða fyrirvara, til greiðslu á næsta gjalddaga.

Nú hættir lántakandi að vera sjóðfélagi og greiðir hann þá frá þeim tíma 6% ársvexti af skuld sinni.

*Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1951.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

132

11. júlí

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 155 8. september 1949, um kjötmat og floira.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kjöt skal dæmt í 4 flokka eftir heilbrigði og gæðum:

1. fl. Kjöt, óaðfinnanlegt með öllu.
2. fl. Hæft kjöt.
3. fl. Ekki óhæft kjöt.
4. fl. Óhæft kjöt.

2. gr.

31. gr. hljóði svo:

Við flokkun kjötsins skal það stimplað eða merkt þannig:

1. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 1 innan í þríhyrningnum. Bláan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að breyta til um merkingu á 1. fl. kjöti, sem ætlað er til útflutnings, komi fram kröfur um slíka breytingu.

2. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 2 innan í þríhyrningnum. Svartan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki.

3. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 3 innan í þríhyrningnum. Svartan kjöttlit skal nota við merkingu á þessum flokki. 132

4. fl. kjöt skal merkt með aflöngum ferhyrningi og orðinu — sjúkt — innan í ferhyrningnum. Rauðan kjöttlit skal nota við merkingu á þessum flokki. 11. júlí

Auk þess skal löggildingarmerki eða löggildingarnúmer sláturhússins koma fram í kjötstimplum, sem þar eru notaðir til merkingar kjöts.

Yfirdýralæknir skal gefa fyrirmæli um stærð og gerð kjötstimpla og tegundir lita, sem notaðir eru við stimplunina. Hann skal einnig gefa fyrirmæli um, hvar og hvernig stimpla skuli á skrokka og slátur o. s. frv.

### 3. gr.

35. grein hljóði svo:

1. *Acut tympanitis*. 2. fl., sé skepnumni slátrað í byrjun veikinnar. Óhæft á seinna skeiði veikinnar og kjötið er illa útlitandi og þefillt.
2. *Krónísk indigestion* í kúm. Óhæft.
3. *Ichterus*. 1. fl., þegar gulan er staðbundin við lifur. Lifrin óhæf. 2. fl. alger gula. Lifur og nýru og þarmar óhæfir.  
Margula skrokka verður að telja óhæfa.
4. *Uræmi*. Óhæft.
5. *Hæmoglubinuri*. Óhæft.

### 4. gr.

53. gr. hljóði svo:

1. *Kalkútfelling* í lungum og þind 1. fl., en lungu og þind óhæf.
2. *Útblásið kjöt* eða *útblásin lungu*. Kjötið óhæft, lungun óhæf.
3. *Óhreinnað kjöt*. 2. fl., eftir að möguleg hreinsun hefur farið fram.
4. *Skemmt kjöt*. Sé rotnun komin í kjötið, dæmist það óhæft.  
Súrt kjöt dæmist þannig: Sé aðeins um súrt slikjulag utan á kjötinu að ræða, sem hægt er að þvo af, t. d. með sódavatni, þá má dæma kjötið í 2. fl., annars í 3. flokk.
5. *Lýsandi kjöt*. 2. fl., þegar um smáa lýsandi bletti er að ræða, sem hægt er að skafa eða flá af, annars 3. fl.
6. *Rauðdilótt kjöt*. Hlítir sama dómi og lýsandi kjöt.
7. *Myglað kjöt*. Sé myglan eða myglublettir aðeins á yfirborðinu og hægt sé að skafa eða þvo þá af, dæmist kjötið í 2. fl., annars í 3. fl.
8. *Kjötmaurar*. Kjötið hlítir sama dómi og lýsandi eða rauðdilótt kjöt.
9. *Kjöt með víum og maðkað kjöt*. Takist að hreinsa kjötið algerlega, má dæma það í 2. fl., annars telst það óhæft.
10. Í 3. fl. dæmst: *Doðakjöt*, *þrátt og láгнаð kjöt*, *kjöt*, sem hefur þornað eða skrælnað við langa eða gallaða ishúsgeymslu, *mjög magurt kjöt*, án þess þó að um pathologískan hor sé að ræða, *mjög óhreint kjöt*.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 5 23. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. júlí 1951.*

**Hermann Jónasson.**

Árni G. Eylands.